

# Þingsályktun

## um menntun og atvinnusköpun ungs fólks.

---

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að hafa yfirumsjón með mótun aðgerðaáætlunar sem hafi þann tilgang að samþætta áherslur í menntastefnu og atvinnustefnu stjórnvalda með áherslu á að greina menntunarbörf atvinnulífsins, auka vægi starfsnáms í íslensku menntakerfi og þróa nýjar fjölbreyttar starfsnámsleiðir.

Aðgerðaáætlunin verði mótuð í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti, velferðarráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, efnahags- og viðskiptaráðuneyti, samtök launafólks og atvinnurekenda, háskóla, framhaldsskóla, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Landssamband æskulýðsfélaga og Vinnumálastofnun. Stefnt verði að því að skila niðurstöðum fyrir 1. desember 2011.

---

*Samþykkt á Alþingi 7. júní 2011.*

